

# 271. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 31. OKTÓBER 2017 KL 9:30

AUKAFUNDUR  
haldinn á Biskupsstofu

---

## FUNDARGERÐ

---

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
2. Kirkjuþing
3. Skýrsla kirkjuráðs til kirkjuþings.
4. Fjármál
  - a) Fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs 30. október 2017 ásamt tillögum um fjárhagsáætlanir Jöfnunarsjóðs sókna, Kirkjumálasjóðs, Kristnisjóðs, Skálholtsstaðar og Tónskóla þjóðkirkjunnar 2018. Drög til kynningar á kirkjuþingi 2017.
  - b) Fjárhagsáætlun biskupsstofu 2018, drög til kynningar á kirkjuþingi 2017.
5. Fasteignir
  - a) Fundargerð kirkjustarfs- fasteignahóps kirkjuráðs 30. október 2017.
6. Málefni Skálholts
  - a) Staða Skálholtsbúsins. Tillaga um aðilaskipti ábúðarsamnings.
7. Áfangaskýrsla starfshóps um skírnina ásamt erindi varðandi áframhaldandi starf hópsins.
8. Önnur mál.

---

## 1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

---

Fundurinn hófst kl. 9:30. Víglubiskup Skálholts, sr. Kristján Valur Ingólfsson stýrði fundi sem staðgengill forseta kirkjuráðs Agnesar M. Sigurðardóttur biskups Íslands í fjarveru hennar. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Gísli Gunnarsson, séra Gísli Jónasson varamaður sr. Elínborgar Gísladóttur í forföllum hennar, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Þorvaldur Víðisson biskupsritari og Guðrún Finnbjarnardóttir ritari kirkjuráðs sem ritaði fundargerð.

Til fundarins kom undir lið 3b Sigurbjörg Níelsdóttir Hansen fjármálastjóri biskupsstofu og undir lið 7 Hjördís Stefánsdóttir formaður kjörstjórnar þjóðkirkjunnar.

---

## 2. KIRKJUÞING 2017

---

Fram voru lögð til kynningar drög að skýrslu kirkjuráðs til kirkjuþings 2017. Fundurinn ályktaði að fela framkvæmdastjóra nokkrar lagfæringar á drögunum og síðan er þeim vísað til kirkjuþings.

---

## 3. FJÁRMÁL

---

a) *Fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs 30. október 2017 ásamt tillögum um fjárhagsáætlanir Jöfnunarsjóðs sókna, Kirkjumálasjóðs, Kristnisjóðs, Skálholtsstaðar og Tónskóla þjóðkirkjunnar 2018. Drög til kynningar á kirkjuþingi 2017*

Tekin fyrir fjárhagsáætlun Jöfnunarsjóðs sókna. Samþykkt að vísa henni til kynningar á kirkjuþingi og til endanlegrar afgreiðslu á desemberfundi kirkjuráðs. Fjármálahópur kirkjuráðs og framkvæmdastjóri munu greina þeim sóknum sem ekki hljóta úthlutun frá þeirri niðurstöðu og gefa þeim kost á að bregðast við niðurstöðunni og koma að frekari gögnum þar sem þau þykir skorta. Kirkjuráð tekur undir það álit fjármálahópsins að endurskoða þurfi verklag um úthlutanir. Kirkjuráð samþykkir tillögu fjármálahóps um fjárheimild vegna útreiknings sérfræðinga á virði Kirkjujarðasamkomulagsins.

Tekin fyrir fjárhagsáætlun Kirkjumálasjóðs. Samþykkt að vísa henni til kynningar á kirkjuþingi og til endanlegrar afgreiðslu á desemberfundi kirkjuráðs.

Tekin fyrir fjárhagsáætlun Kristnisjóðs. Samþykkt að vísa henni til kynningar á kirkjuþingi og til endanlegrar afgreiðslu á desemberfundi kirkjuráðs.

Umfjöllun um fjárhagsáætlun Skálholtsstaðar er frestað.

Tekin fyrir fjárhagsáætlun Tónskóla þjóðkirkjunnar. Samþykkt að vísa henni til kynningar á kirkjuþingi og til endanlegrar afgreiðslu á desemberfundi kirkjuráðs.

b) *Fjárhagsáætlun biskupsstofu 2018, drög til kynningar á kirkjuþingi 2017*

Fjármálastjóri biskupsstofu skýrði forsendur áætlunarinnar og niðurstöðu hennar. Samþykkt að vísa henni til kynningar á kirkjuþingi og til endanlegrar afgreiðslu á desemberfundi kirkjuráðs.

---

#### 4. FASTEIGNIR

---

- a) *Fundargerð kirkjustarfs- fasteignahóps kirkjuráðs 30. október 2017*  
Fundargerðin lögð fram. Tekið fyrir 1. mál, umhverfisstefna þjóðkirkjunnar. Lögð fram breytingatillaga við fyrirbyggjandi tillögu að umhverfisstefnu. Samþykkt að leggja hana fyrir komandi kirkjuþing með breyttri greinargerð og fyrirbyggjandi skjal verði fylgiskjal við breytingatillöguna. Tekið fyrir 4. mál, listi yfir eignir Kirkjumálasjóðs sem kirkjuþing veitir heimild til sölu á. Listinn lagður fram og honum vísað til kirkjuþings.

---

#### 5. MÁLEFNI SKÁLHOLTS

---

- a. *Staða Skálholtsbúsins. Tillaga um aðilaskipti ábúðarsamnings*  
Lagt fram erindi Gests Einarssonar og Rakelar Þórarinsdóttur sem óska eftir að fá að yfirtaka ábúðarsamning núverandi ábúenda Ásgeirs Ásgeirssonar og Jónu Þormóðsdóttur. Málið rætt og framkvæmdastjóra falið að hafa samráð við formann stjórnar Skálholts um að funda með viðkomandi á vettvangi stjórnar Skálholts.

---

#### 6. ÁFANGASKÝRSLA STARFSHÓPS UM SKÍRNINA ÁSAMT ERINDI VARÐANDI ÁFRAMHALDANDI STARF HÓPSINS

---

Skýrslan og erindið lögð fram. Kirkjuráð ályktar að vísa málinu til kirkjuþings.

---

#### 7. ÖNNUR MÁL

---

- a. *Kjörstjórn kirkjunnar*  
Formaður kjörstjórnar óskaði eftir að fá að ávarpa fund kirkjuráðs. Í máli hennar kom fram að fresta þyrfti seinni umferð biskupskosningar í Skálholti vegna formgalla við kjör kjörnefndar Dómkirkjusóknar.
- b. *Aðkoma ráðgjafarfyrirtækisins ALTA að uppbyggingarmálum í Skálholti*  
Málið rætt. Fram kom að óskað hefði verið eftir því við fyrirtækið að það kynnti sér fyrirbyggjandi tillögur að nýju deiliskipulagi Skálholts með það fyrir augum að meta hvort aðkoma fyrirtækisins væri við hæfi á þessu stigi.
- c. *Gísli Gunnarsson kirkjuráðsmaður óskaði að fá að taka til máls*  
Í máli hans kom fram að hann vildi fyrir hönd kirkjuráðs þakka vígslubiskupi Skálholts fyrir gott samstarf og farsælt starf fyrir kirkjuna um áratuga skeið á síðasta formlega starfsdegi hans sem vígslubiskups í Skálholti. Að máli sínu loknu afhenti Gísli vígslubiskupi þakkargjöf frá kirkjuráði.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:45.

Næsti fundur er áætlaður 12. desember 2017.

---

Séra Kristján Valur Ingólfsson,  
vígslubiskup

---

Oddur Einarsson,  
framkvæmdastjóri kirkjuráðs

---

Séra Gísli Gunnarsson

---

Stefán Magnússon

---

Svana Helen Björnsdóttir

---

Séra Elínborg Gísladóttir